

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Hringhellu 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. júní 2026 að breyta deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Hringhellu 2. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits fyrir núverandi steypustöð og iðnaðarhús um 800 m².

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 29. júní 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 13. júlí 2026